



Reglur um meðferð trúnaðargagna

Hagstofan leggur ríka áherslu á trúnað, gætir þess að friðhelgi gagnaveitenda sé virt, fer með upplýsingar sem þeir veita sem trúnaðarmál og notar þær eingöngu til hagskýrslugerðar.

- Engir óviðkomandi fá aðgang að Hagstofunni né tölvukerfum hennar og leitast stofnunin við að beita bestu aðferðum, á hverjum tíma, til að tryggja það. Starfsmenn Hagstofunnar hafa ekki aðgang að öðrum gögnum en þeim sem þeir þurfa vegna vinnu sinnar hverju sinni.
- Hagstofan safnar einungis þeim gögnum sem hún þarf á að halda og gætir fyllsta öryggis við gagnasöfnun.
- Öll gögn sem Hagstofan safnar um tilgreinda einstaklinga eða lögaðila eru trúnaðarupplýsingar og einungis nýtt til hagskýrslugerðar.
- Hagstofan dylur auðkenni eins fljótt og hægt er í úrvinnslu og geymir gögn ekki lengur en nauðsynlegt er.
- Starfsmenn meðhöndla gögn af virðingu og sýna fyllstu aðgætni í umgengni þeirra. Starfsmenn eru meðvitaðir um trúnað og sækja reglulega fræðslu um öryggismál og meðferð trúnaðargagna.
- Hagstofan gætir þess, sem frekast er unnt, að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga eða lögaðila við miðlun.
- Hagstofan veitir rannsóknaraðilum aðgang að gögnum til vísindarannsókna að ströngum skilyrðum uppfylltum.

Reykjavík, 30. júní 2014

Olafur Hjálmarsson
hagstofustjóri